

Óheimilt er þó að breyta 2. gr. skipulagsskrárinnar.  
Breyting sem gerð hefur verið skv. 1. mgr. tekur gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu hjá dómsmálaráðuneytinu.

## 10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum, B-deild.

**AUGLÝSING****um smásöluálagningu á skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterónacetat.**

Frá og með 1. janúar 1983 skal smásöluálagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstillja gangmál hjá ám, vera 36,4%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf. Sama dag fellur úr gildi auglýsing sama efnis nr. 588/1980.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

**REGLUGERÐ****um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.**

## 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 1 600,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 800,00.

## 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 400,00 er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16, maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 670/1981 og 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Stúdentafélags Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### Háskólasjóðs Stúdentafélags Reykjavíkur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er stofnaður af Stúdentafélagi Reykjavíkur, skv. samþykkt aðalfundar þess, hinn 15. október 1982 og að höfðu samráði við rektor Háskóla Íslands. Heimili sjóðsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00 framlag Stúdentafélags Reykjavíkur. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða. Ávaxta skal fé sjóðsins með hagkvæmasta hætti, sem völ er á á hverjum tíma.

## 3. gr.

Stúdentafélag Reykjavíkur mun í samræmi við ofangreinda samþykkt, skv. 1. gr. vinna að því að afla sjóðnum tekna og hvetja til þess, að sjóðurinn vaxi með frjálslu gjafafé.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni Háskóla Íslands svo og stúdenta við Háskóla Íslands, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Stjórn Stúdentafélags Reykjavíkur kýs 2 stjórnarmenn og háskólaráð 2. Þessir 4 stjórnarmenn skipa sameiginlega fimmta stjórnarmanninn með samkomulagi, en ella skal sá stjórnarmaður skipaður af dómsmálaráðuneyti. Stjórnin er skipuð til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum.